

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. nóvember 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð á Ísafirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ísafjarðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Ísafirði:

Akstursstefnu Hafnarstrætis og Aðalstrætis frá gatnamótum Mánagötu, Pollgötu og Hafnarstrætis að gatnamótum Aðalstrætis og Pollgötu er breytt þannig að ekið verður niður Eyrina í austur- og suðurátt. Einstefna verður áfram á umræddum kafla Hafnarstrætis og Aðalstrætis en hún snýst nú við.

Bannað er að leggja bifreiðum í Hafnarstræti milli Mánagötu og Hrannargötu. Akstur frá Mánagötu yfir á Pollgötu er bannaður.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, öðlast gildi þann 1. desember 1996.

Úr gildi fellur 13. tl. III. kafla auglýsingar um umferð á Ísafirði nr. 189/1993, svo og allar aðrar reglur um umferð í kaupstaðnum, er kunna að hafa verið settar og brjóta í bága við reglur þessarar auglýsingar.

Lögreglustjórinn á Ísafirði, 31. október 1996.

Ólafur Helgi Kjartansson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hrísey.

1. gr.

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. staflið g, samþykktar um hunda- og kattahald í Hrísey nr. 533/1996, skulu árlega greiða fyrir það kr. 6.000 í sveitarsjóð.

Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 1. janúar og eindaga 15. febrúar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga. Hafi gjald eigi verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.